

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 22. júní 2012 í máli nr. S-372/2012:

Ákærvaldið

(Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Grzegorz Marcin Nowak

(Inga Lilly Brynjólfsson hdl.) og

Pawel Jerzy Podburaczynski

(Sigmundur Hannesson hrl.)

I

Málið, sem dómtekið var 13. júní síðastliðinn, var höfðað með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 15. maí 2012 á hendur „Grzegorz Marcin Nowak, fæddum 20. desember 1976, pólskum ríkisborgara, dvalarstaður: fangelsið Litla-Hrauni, og Pawel Jerzy Podburaczynski, fæddum 21. júní 1975, pólskum ríkisborgara, dvalarstaður: fangelsið Litla-Hrauni, fyrir eftirtalin hegningarlagabrot:

I.

Á hendur ákærðu báðum fyrir rán og nytjastuld í október á árinu 2011, í Reykjavík nema annað sé tekið fram, í félagi og ásamt samverkamönnum Marcin Tomasz Lech, fæddum 6. febrúar 1979 og Pawel Artur Tyminski, fæddum 7. febrúar 1978, pólskum ríkisborgurum, með því að hafa ráðist með ofbeldi og hótunum um ofbeldi á starfsfólk úra- og skartgripaverslunarinnar Michelsen, Laugavegi 15, Reykjavík, í því skyni að komast yfir verðmæti í versluninni og tekið þaðan 49 armbandsúr af gerðunum Rolex, Tudor og Michelsen, samtals að verðmæti rúmlega kr. 50.000.000, allt eftir fyrirfram gerðri áætlun ákærðu og samverkamanna þeirra, sem hér greinir:

1. Ákærðu og samverkamenn þeirra komu til landsins gagnert í þeim tilgangi að komast yfir úr í versluninni Michelsen, ákærðu og Pawel Artur Tyminski með flugi um Keflavíkurlflugvöll sunnudaginn 9. október, en Marcin Tomasz Lech með ferjunni Norrænu til Seyðisfjarðar þriðjudaginn 11. október, þaðan sem hann ók

bifreiðinni YY51-BLJ sem leið lá til Reykjavíkur.

2. Aðfaranótt föstudagsins 14. október, við Eskihlíð 20a, tóku ákærðu og samverkamenn þeirra í sameiningu og í heimildarleysi bifreiðina TK-564 til að nota við ránið, en hún fannst við Sundlaug Kópavogs í Kópavogi þann 3. nóvember.
3. Aðfaranótt föstudagsins 14. október, við Öldugötu 28, tóku ákærðu og samverkamenn þeirra í sameiningu og heimildarleysi bifreiðina RJ-097 til að nota við ránið, en ekki kom til þess þar sem bifreiðin fannst síðar sama dag við Hverfisgötu.
4. Sunnudaginn 16. október, við Ásabraut 11 í Kópavogi, tóku ákærðu og samverkamenn þeirra í sameiningu og í heimildarleysi bifreiðina UB-041 til að nota við ránið, en hún fannst við Vegamótastíg þann 17. október.
5. Að kvöldi sunnudagsins 16. október, við Gnoðarvog 88, tóku ákærðu og samverkamenn þeirra í sameiningu og í heimildarleysi bifreiðina NT-138 til að nota við ránið, en hún fannst við Smáragötu þann 17. október.
6. Að morgni mánudagsins 17. október ruddust ákærðu og Pawel Artur Tyminski, samkvæmt ráðagerð þeirra þriggja og Marcin Tomasz Lech, inn í fyrrgreinda úra- og skartgripaverslun með andlit sín hulin og ógnuðu starfsfólkinu Frank Úlfari Michelsen, Sigrúnu G. Ragnarsdóttur og Magnúsi Daníel Michelsen með ógnandi framkomu og með því að beina að þeim eftirlíkingum af skotvopnum og skipa þeim að leggjast á gólfíð þar sem þeir síðan brutu upp hirslur og höfðu á brott sér fyrrgreind armbandsúr og fóru með að Vegamótastíg þaðan sem þeir óku á brott á fyrrnefndri bifreið, NT-138, í heimildarleysi að Smáragötu 13, þar sem þeir skildu bifreiðina eftir og héldu för sinni áfram í heimildarleysi á fyrrnefndri bifreið, TK-564, sem fannst síðar við Sundlaug Kópavogs.
7. Síðar á mánudeginum 17. október földu samverkamennirnir Marcin Tomasz Lech og Pawel Artur Tyminski, samkvæmt ráðagerð þeirra og ákærðu, ránsfenginn í bifreiðinni YY51-BLJ sem Marcin Tomasz Lech gætti að og hugðist koma þannig földum af landi brott með Norrænu uns hann var handtekinn þann 26. október. Ákærðu og Pawel Artur Tyminski fóru af landi brott með flugi frá Keflavíkurflugvelli þriðjudaginn 18. október.

Telst háttsemin varða við 252. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Á hendur ákærða Pawel Jerzy Podburaczynski fyrir þjófnað úr Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins í verslunarmiðstöðinni Kringlunni, Kringlunni 4-12, sem hér greinir:

1. Með því að hafa, þann 11. október 2011, tekið tvær flöskur af viskíi af gerðinni Jack Daniel's, samtals að verðmæti kr. 12.598, sett þær í tösku og gengið út úr versluninni án þess að greiða fyrir vörurnar.
2. Með því að hafa, þann 14. október 2011, tekið tvær flöskur af viskíi af gerðinni Jack Daniel's, samtals að verðmæti kr. 12.598, sett þær í tösku og gengið út úr versluninni án þess að greiða fyrir vörurnar.

Telst háttsemin varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkröfur:

Vegna ákæruliðar I:

Af hálfu Vátryggingafélags Íslands hf., kennitala 000000-0000, er krafist skaðabóta úr hendi ákærðu að fjárhæð kr. 14.106.453, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá tjónsdegi 17. október 2011 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvaxta samkvæmt 9. gr. sömu laga til greiðsludags. Þá er gerð krafa um greiðslu lögmannskostnaðar að mati dómsins.

Af hálfu Franks Úlfars Michelsen, kennitala 000000-0000, Magnúsar Daníels Michelsen, kennitala 000000-0000, og Sigrúnar G. Ragnarsdóttur, kennitala 000000-0000, er þess krafist að ákærðu greiði þeim miskabætur samkvæmt 4. gr., sbr. 26. gr. laga um skaðabætur nr. 50/1993 með síðari breytingum, þannig:

- A) fyrir Frank Úlfar Michelsen kr. 8.850.000,
- B) fyrir Sigrúnu G. Ragnarsdóttur kr. 8.450.000 og
- C) fyrir Magnús Daníel Michelsen kr. 9.408.000,

auk 4,5% vaxta samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga frá tjónsdegi 17. október 2011 til útgáfudags ákæru, en dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr., sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ákærðu að skaðlausu að mati réttarins, lögum samkvæmt.

Vegna ákæruliðar II:

Af hálfu vínbúðar Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, Kringlunni 4-12, kennitala 000000-0000, er þess krafist að ákærða Pawel Jerzy Podburaczynski verði gert að greiða skaðabætur að andvirði stolinna muna, samtals kr. 25.196, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá tjónsdegi 11. október 2011 en síðan dráttarvaxta samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.“

Ákærðu játuðu aðild að ráninu við þingfestingu, en neituðu að hafa skipulagt það og fjármagnað. Þá neituðu þeir að hafa stolið bifreiðum eins og í ákæru greinir. Ákærði Pawel játaði sök samkvæmt II. kafla ákæru. Ákærðu krefjast vægustu refsingar. Þeir krefjast þess aðallega að bótakröfunum verði vísað frá dómi en til vara að þær verði lækkaðar.

II

Að morgni mánudagsins 17. október 2011 barst lögreglu tilkynning um vopnað rán í úra- og skartgripaverslun Michelsens að Laugavegi 15. Eigandi verslunarinnar skýrði lögreglumönnum frá því að þrír menn vopnaðir skotvopnum, dökkklæddir og með hulin andlit hefðu ruðst inn í verslunina. Þeir hefðu skipað starfsfólkinu að leggjast í gólfið og síðan hefðu þeir brotið sýningarskápa og stolið úrum. Þá taldi eigandinn sig hafa heyrt skothvelli. Hann kvaðst hafa séð á eftir ræningjunum aka á brott á dökkum bíl. Þetta reyndist vera NT-138 sem hafði verið tilkynnt stolin. Síðar kom í ljós að bifreiðar þær, sem í ákæru getur, höfðu einnig verið teknar ófrjálsri hendi og byggir ákærvaldið á því að þær hafi verið notaðar við ránið. Ránsfengurinn reyndist vera 49 armbandsúr af þeim gerðum sem í ákæru getur og að verðmæti rúmlega 50 milljónir króna.

Rannsókn lögreglu næstu daga leiddi til handtöku Marcin Tomasz Lech og haldlagningar bifreiðar sem hann hafði komið á til landsins. Við rannsóknina beindist grunur að ákærðu og manni þeim, sem í ákæru getur. Ákærðu voru handteknir í Sviss í febrúar síðastliðnum og framseldir hingað til lands og úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Framangreindur Marcin var dæmdur í 5 ára fangelsi 8. mars síðastliðinn.

III

Við aðalmeðferð skýrði ákærði Grzegorz svo frá að í fyrra hefði Marcin Lech boðið sér að taka þátt í innbroti í úraverslun á Íslandi. Eftir að hafa hugsað málið kvaðst ákærði hafa samþykkt þátttöku. Marcin hefði fjármagnað þetta og látið sig og aðra hafa peninga til að borga flugmiða og hótél. Ákærði kvað sig og aðra hafa ekið til Kaupmannahafnar og flogið þaðan til Íslands þar sem þeir biðu eftir Marcin sem átti að sýna þeim hvað þeir áttu að gera. Hann átti einnig að koma með tæki til að stela bílum. Eftir að Marcin kom sýndi hann þeim verslunina, en þeir áttu að brjótast inn í hana. Sú áætlun breyttist þegar í ljós kom að úrin, sem átti að stela, voru ekki í versluninni að nóttu til. Ákærði kvað Marcin hafa sagt þeim að mikill kostnaður væri til fallinn vegna ferðarinnar og þess vegna væri betra að fremja rán en hætta við. Þeir hafi hugsað þetta í tvo til þrjá daga, en ákærði kvaðst aldrei hafa gert svona nokkuð áður. Marcin hefði sagt þeim að þeir myndu lenda í vanda í Póllandi ef þetta væri ekki gert og þess vegna hafi þeir ákveðið að ræna verslunina. Áður tóku þeir bílana sem í ákæru getur, en ákærði kvaðst ekki hafa komið beint að því þótt hann hafi vitað um nytjastuldi þeirra og til hvers átti að nota bílana.

Ákærði kvað þá þrjá hafa farið grímuklædda inn í verslunina að morgni. Hann hafi farið fyrstur og haldið á plastbyssu. Hann taldi Marcin hafa látið sig hafa byssuna og hafði henni verið breytt þannig að hún liti út fyrir að vera raunverulegri. Hann kvaðst ekki hafa vitað hvað gerðist fyrir aftan sig í versluninni, en hann hafi verið hræddur. Hann mundi þó eftir að gefin hefði verið skipun á ensku um að leggjast niður. Ákærði kvaðst hvorki hafa brotið skápa né tekið úrin. Hann hafi séð eigandann sem hafi verið mjög brugðið. Eftir ránið fóru þeir á einum hinna stolnu bíla stuttan spöl, en skiptu þar um bíl og óku að sundlaug þar sem hann og meðákærði fóru í sund. Pawel Tyminski tók ránsfenginn og fór með hann til Marcins. Ákærði kvaðst ekki tekið hafa þátt í því að koma honum fyrir. Marcin hafi ákveðið að hafa þetta svona.

Ákærði kvað þá upphaflega hafa ætlað að fara fyrr af landinu, en það hafi breyst eftir að ákveðið var að hætta við innbrotið og fremja rán í staðinn. Hann kvað Marcin hafa sagt að ef allt gengi vel myndu þeir skipta jafnt, en Marcin hefði skipulagt þetta allt saman og hann átti að sjá um að koma fengnum í verð. Hann hafi sagt að þetta yrði ekki lítil upphæð, en ákærði kvaðst hafa ákveðið að taka þátt í þessu vegna fjárhagserfiðleika.

Ákærði Pawel Jerzy bar að hafa kynnst Macin Lech síðastliðið sumar í gegnum bróður hans. Í september hafi Marcin hitt sig og meðákærða og hafi hann spurt sig hvað hann myndi segja ef honum yrði boðið tækifæri til að þéna peninga. Hann kvaðst hafa spurt um hvað málið snerist og Marcin svarað að til að vinna sér inn háa fjárhæð í eitt skipti þá væri um eitthvað ólöglegt að ræða. Síðar þegar þeir hittust kvað Marcin að um væri að ræða innbrot og ákærði gæti þénað á því 20.000 zloty. Hann hafi sagt að það ætti að brjótast inn í skartgripaverslun á Íslandi. Það ætti að brjóta rúðu með steini og taka úr. Marcin kvaðst myndu fjármagna ferðina en spurði ákærða hvort hann ætti greiðslukort og hefði það verið notað til að panta flug og hótél. Marcin hefði svo greitt inn á kortið. Þetta hafi líka verið gert til að

ekki sæjust tengslin við Marcin. Af sömu ástæðum hefði hann búið á öðru hóteli en ákærðu og Pawel Tyminski. Þegar Marcin var kominn til landsins hefðu þeir farið með honum og hann hefði sýnt þeim verslunina þar sem þeir áttu að brjóta inn. Síðar kom í ljós að úrin, sem þeir áttu að stela, voru ekki í versluninni að nóttu til. Marcin hefði þá sagt að það yrði að gera þetta með öðrum hætti, enda væri búið að eyða það miklum peningum í þetta að þeir yrðu að endurgreiða útlagðan kostnað í Póllandi auk þess sem þeim yrði refsað fyrir að hafa ekki gert það sem átti að gera. Ákærði kvaðst hafa orðið hræddur um að eitthvað gæti komið fyrir hann eða fjölskyldu hans ef ekkert yrði úr þessu. Marcin hafi sagt að eina lausnin væri að fara vopnaðir inn í verslunina að degi til. Ákærði kvað Marcin hafa útvegað búnað til ránsins, plastbyssur og grímur. Hann hafi sagt að plastbyssurnar myndu engan skaða. Þá kvaðst ákærði ekki hafa athugasemdir við að þeir hefðu tekið bílana, sem nefndir eru í ákærinni, til að nota við ránið en þeir hafi þó bara notað tvo bíla. Ákærði tók fram að það hafi verið Marcin sem hefði skipulagt þetta allt saman frá upphafi til enda og hafi sér skilist að hann hefði verið í sambandi við einhvern hér á landi. Sjálfur hafi hann ekki komið nálægt fjármögnun og skipulagningu og heldur ekki meðákærði. Sér hafi þó skilist að hlutverk Pawels Tyminski hafi verið að stela bílum og fela á góðum stöðum.

Umræddan morgun kvað hann þá þrjá hafa farið inn í verslunina eftir að hafa sett á sig grímur. Meðákærði hafi farið fyrstur en ekki mundi hann hvar hann var í röðinni, en hann hafi verið með plastbyssu. Hann hafi verið með byssuna til að hræða starfsfólkið, en ekki kvaðst hann muna hvort hann hefði haldið henni á lofti. Ákærði kvaðst hafa rífið gler frá útstillingarglugga og tekið úr og látið Pawel Tyminski hafa þau, en hann hafi verið með tösku. Þeir hafi síðan hlaupið á brott og sest inn í bíl og ekið nokkrar götur áður en þeir settust inn í annan bíl. Á þeim bíl óku þeir að sundlaug þar sem hann og meðákærði fóru í sund. Þegar þeir komu úr sundinu hefðu þeir hitt hina tvo sem þá voru búnir að koma úrunum fyrir að því er hann taldi. Eftir að hafa farið í verslunarmiðstöð fóru þeir á hótelið og daginn eftir fóru þeir af landi brott með flugi.

Marcin Tomasz Lech, sem dæmdur var í fangelsi 8. mars síðastliðinn fyrir aðild sína að ráninu, bar að hafa verið milliliður milli þeirra sem skipulögðu ránið og þeirra sem frömdu það. Hann kvað því ákærðu vel geta hafa litið svo á að hann væri skipuleggjandinn. Marcin kvaðst hafa hitt mann sem hann hefði kynnst í fangelsi og hefði hann spurt sig hvort hann vildi taka þátt í innbroti í skartgripaverslun á Íslandi. Þetta hafi átt að vera einfalt, bara þurft að brjóta rúðu og taka hluti úr glugganum. Marcin kvaðst ekki hafa tekið þátt í svona áður og spurði þá maðurinn hvort hann þekkti ekki einhverja sem vildu gera þetta. Hann hefði síðan fengið ákærðu til að koma með til Íslands og gera þetta. Maðurinn hefði fjármagnað ferðina og þegar þeir kæmu til baka yrði kostnaðurinn greiddur og afganginum skipt. Síðan hefðu verið keyptir flugmiðar og miði með ferjunni og þeir farið til Íslands. Hann kvað Pawel Tyminski hafa komið að málinu á síðustu stundu því að maðurinn vildi hafa sinn mann með og eins taldi Marcin að Pawel ætti að hafa eftirlit með sér. Marcin kvaðst ekki vilja gefa upp nafn þessa manns en hann væri glæpamaður í heimaborg sinni. Hann kvað líklegt að hann þyrfti að borga fyrir þessa mislukkuðu ferð þegar hann kæmi heim. Eins óttaðist hann um fjölskyldu sína ef hann segði til mannsins.

Sigrún Guðlaug Ragnarsdóttir, sem vinnur í versluninni, kvaðst allt í einu hafa heyrt háreysti og inn hefðu komið menn sem hefðu hlaupið að hurðinni. Hún

kvaðst hafa séð byssu og mann öskra „get down“. Frank hefði horft á manninn og þá hefði maðurinn öskrað hærra. Hún kvaðst hafa ætlað að fara á bak við en þá hefði Frank sagt sér að leggjast í gólfíð og hefði hún gert það. Stuttu seinna kvaðst hún hafa heyrt byssuhvell og talið að búíð væri að skjóta Frank. Kvaðst hún hafa átt von á að hún og Magnús yrðu næst. Einnig hefði heyrst mikill hávaði þegar verið að brjóta skápana. Síðan hefðu mennirnir hlaupið út og þessu verið lokið.

Frank Úlfar Michelsen kvaðst hafa verið við vinnu sína umræddan morgun skömmu eftir opnun. Hann kvaðst hafa setið við vinnuborð og verið að gera við þegar hann hafi orðið var við skugga koma mjög snögg inn og þegar hann hafi litið upp hefði hann horft beint inn í byssuhlaup og séð mann sem hefði öskrað „get down, get down“. Frank kvaðst þá hafa sagt við starfsfólkið að það skyldi gera það sem maðurinn segði og hefðu þau lagst niður. Maðurinn hefði staðið yfir sér með byssuna og síðan kvaðst hann hafa heyrt mikil brothljóð og séð út undan sér fleiri skugga sem voru að athafna sig frammi í versluninni. Frank kvað þetta hafa staðið yfir í tíma sem hefði virst langur. Þá hefðu mennirnir hlaupið út. Meðan á þessu stóð og þau lágu í gólfinu kvaðst hann hafa heyrt skothvell og þá talið að maðurinn væri að skjóta eitthvert þeirra. Hann kvað tvo mannanna hafa verið grímuklædda en einn hafi verið með klút fyrir andlitinu.

Magnús Daníel Michelsen kvaðst hafa verið að vinna í tölvu á kaffistofu inn af verkstæðinu þennan morgun. Faðir hans hefði setið við vinnuborð sitt við inngang verslunarinnar. Sigrún Guðlaug hefði staðið á bak við hann. Hann kvaðst hafa séð hönd teygja sig inn á verkstæðið þar sem faðir hans var og hélt höndin á byssu. Síðan kvaðst hann hafa heyrt orðin „get down“. Faðir hans hefði lagst niður og sagt sér og Sigrúnu Guðlaugu að leggjast niður sem þau hefðu gert. Því næst hefðu heyrst brothljóð og læti, en skömmu síðar hefði faðir hans staðið upp og þá var þessu lokið. Þetta hafi tekið mjög skamman tíma og hann kvaðst ekki hafa heyrt skothvell.

IV

Við þingfestingu og síðar við aðalmeðferð játuðu ákærðu aðild sína að ráninu og nytjastuldi bifreiða eins og rakið hefur verið. Þeir neituðu hins vegar að hafa skipulagt og fjármagnað ránið. Af skýrslum ákærðu og Marcin Lech má ráða að ferðin til Íslands hafi verið skipulögð í Póllandi beinlínis í þeim eina tilgangi að stela úrum úr verslun Michelsen. Þegar í ljós kom að ekki var hægt að stela úrunum með því að brjótast inn í verslunina ákváðu ákærðu að ræna hana. Af skýrslum ákærðu og Marcin verður ekki annað ráðið en það hafi verið sameiginleg hugmynd þeirra, en skipulagningin í Póllandi hafi miðast við innbrot. Liður í undirbúningi ránsins var að taka ófrjálsri hendi bifreiðar þær sem í ákæru getur. Ákærði Pawel hefur játað þjófnaðina sem hann er ákærður fyrir í II. kafla ákæru. Samkvæmt þessu verða ákærðu því sakfelldir fyrir það sem þeim er gefið að sök í ákærinni en brot þeirra eru þar rétt færð til refsíákvæða.

Ákærðu hefur ekki áður verið refsað hér á landi, en samkvæmt upplýsingum frá pólskum yfirvöldum eiga þeir báðir sakaferil þar í landi og verið dæmdir í fangelsisrefsingar fyrir margvísleg hegningarlagabrot. Þegar refsing ákærðu er ákveðin verður að hafa í huga að þeir, í félagi við tvo aðra, stóðu að vel skipulögðu

ráni þar sem miklum verðmætum var rænt. Við ránið voru notaðar leikfangaskammbyssur. Starfsfólk verslunarinnar gat þó ekki vitað annað en að um raunveruleg vopn hefði verið að ræða og af skýrslum þeirra má ráða að þau hafa upplifað ránið á þann hátt. Ákærðu eiga sér ekki aðrar málsbætur en að hafa játað sök undanbragðalaust fyrir dómi og að hafa við aðalmeðferð gefið ítarlega skýrslur eins og rakið var. Þykja þeir mega njóta þess að nokkru við ákvörðun refsingar sem telst hæfileg fangelsi í 5 ár.

Ákærðu voru handteknir í Sviss 26. febrúar síðastliðinn og færðir í varðhald sem þeir hafa setið í síðan. Þessi tími skal koma refsingunni til frádráttar með fullri dagatölu að því er varðar ákærða Grzegorz. Samkvæmt upplýsingum frá yfirvöldum í Sviss sat ákærði Pawel í varðhaldi vegna þessa máls frá 26. febrúar til 12. mars, en frá þeim degi til 19. apríl sat hann í varðhaldi vegna rannsóknar á máli ytra. Sækjandinn hefur tekið undir kröfu ákærðu um að varðhaldið í Sviss komi dæmdri refsingu til frádráttar, en krafist þess þó að tíminn sem ákærði Pawel sat í varðhaldi vegna rannsóknar á máli svissneskra yfirvalda geri það ekki. Fallist er á með sækjandanum að ekki sé eðlilegt að varðhaldsvist ákærða vegna annars máls en þessa komi refsingu í þessu máli til frádráttar.

Fyrir dóminn hafa verið lögð gögn sem sanna að úra- og skartgripaverslunin var tryggð hjá bótakrefjanda, Vátryggingafélagi Íslands hf. Enn fremur hafa verið lögð fram gögn um að bótakrefjandi hafi greitt umkrafða fjárhæð vegna ránsins. Ákærðu eru skaðabótaskyldir vegna tjónsins og verða því dæmdir til að greiða bætur með vöxtum eins og nánar greinir í dómsorði, svo og málskostnað. Það athugast að ákærðu var fyrst birt bótakrafan við þingfestingu og miðast upphafstími dráttarvaxta við þann dag er liðnir voru 30 dagar frá þeim degi.

Framangreindir starfsmenn verslunarinnar gerðu bótakröfur eins og rakið var. Við flutning bótakröfunnar krafðist lögmaður þeirra þess að í málinu yrði dæmt um bótaskyldu ákærðu og féllst dómari á það. Ákærðu hafa verið sakfelldir fyrir að ræna verslunina þegar brotapolar voru þar að störfum. Þeir réðust vopnaðir og grímuklæddir inn í verslunina og létu þar greipar sópa. Af skýrslum brotþola má ráða að þeim varð mjög um þetta og óttuðust um líf sitt. Það er því fallist á með brotþolum að ákærðu séu bótaskyldir gagnvart þeim. Þá verða þeir dæmdir til að greiða málskostnað eins og í dómsorði greinir.

Ákærði Pawel hefur samþykkt bótakröfu ÁTVR og verður hún tekin til greina með vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Loks verða ákærðu dæmdir til að greiða málsvarnarlaun verjenda sinna að meðtöldum virðisaukaskatti eins og nánar greinir í dómsorði.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

D Ó M S O R Ð :

Ákærði, Grzegorz Marcin Novak, sæti fangelsi í 5 ár, en til frádráttar skal koma gæsluvarðhaldsvist hans frá 26. febrúar 2012.

Ákærði, Pawel Jerzy Podburaczynski, sæti fangelsi í 5 ár, en til frádráttar skal koma gæsluvarðhaldsvist hans frá 26. febrúar 2012 til 12. mars sama ár og frá 19. apríl sama ár.

Ákærðu greiði óskipt Vátryggingafélagi Íslands hf. 14.106.453 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 17. október 2011 til 30. júní 2012 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og 300.000 krónur í málskostnað.

Viðurkennd er bótaskylda ákærðu gagnvart Frank Úlfari Michelsen, Sigrúnu Guðlaugu Ragnarsdóttur og Magnúsi Daniel Michelsen. Ákærðu skulu greiða þeim sameiginlega 300.000 krónur í málskostnað.

Ákærði, Pawel Jerzy Podburaczynski, greiði Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Kringlunni 4-12, 25.196 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 11. október 2011 til 30. júní 2012 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags

Ákærði, Grzegorz Marcin Novak, greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Ingu Lillýjar Brynjólfssdóttur hdl., 677.951 krónu.

Ákærði, Pawel Jerzy Podburaczynski, greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Sigmundar Hannessonar hrl., 677.951 krónu.

Arngrímur Ísberg